

Fundargerð Hverfisráðs Raufarhafnar **12. maí 2026**

Mættir voru: Margrét Rögnvaldsdóttir og Einar Sigurðsson

Einnig sat fundinn Nanna Steina Höskuldsdóttir, atvinnu- og samfélagsfulltrúi.

1. Málefni félags eldri borgara á Raufarhöfn.

Félag eldri borgara á Raufarhöfn (FER), Hólmsteinn Helgason ehf og sveitarfélagið Norðurþing gerðu með sér þríhliða samning um eignarhald, viðhald og framtíðarafnot hússins Breiðabliks á Raufarhöfn 15.05.2020. Í því fólst að húsið var afhent (FER) til eignar og Hólmsteinn Helgason ehf sá um að hafa umsjón með að húsið kæmist í gott ástand og auk þess að halda utan um viðhaldið í framhaldinu. Norðurþing lagði auk þess til 4 milljónir í framkvæmdastyrk, samþykkti að borga kr. 900.000 í rekstarstyrk sem færi til (FER) fyrir grunnrekstri Breiðabliks. Í dag er Hólmsteinn Helgason ehf búin að leggja til upb 15 milljónir kr. í þetta verkefni. Auk þess unnu margir íbúar á Raufarhöfn í sjálfböðavinnu við viðgerðir á húsinu. Í framhaldi var gerður samningur á milli Norðurþings og (FER) um rekstur á húsnæðinu og samstarf um félagsstarf eldri borgara á Raufarhöfn. Samningurinn var frá 01.06.2021-21.12.2025. Norðurþing greiddi kr. 75.000 í húsaleigu á mánuði og eingreiðslu upp á kr. 398.00 á ári sem fór í kostnað vegna auglýsinga á viðburðum. (FER) sér um skipulagið og utanumhald á viðburðum sem eru öllum opnir sem hafa náð 60 ára aldri á svæðinu. Það hefur verið almenn ánægja með þessa lausn og eldri borgarar á Raufarhöfn haf notið þess að hittast, vera með viðburði og kynningar á þessum tíma í Breiðablik. Í lok samningstímans óskaði formaður (FER) félagsins eftir endurnýjun. Það var bið á svörum en að lokum fékk hún afhent drög að nýjum samningi þar sem húsaleigan var hækkuð upp í kr. 100.000 á mánuði. Formaður sendi hann til baka með smávægilegum athugasemdum en fékk ekki svör fyrr en að skyndilega var samningurinn dreginn til baka án nokkurra haldbærra skýringa. Í framhaldi var formanni (FER) tilkynnt að ekki stæði til að endurnýja samninginn. Í staðinn var búið að ákveða að starf eldri borgara á Raufarhöfn yrði flutt í skólahúsið og þangað kæmi starfsmaður einn dag í viku 4 tíma, til að sinna starfi eldri borgara á Raufarhöfn. Þetta er allt ákveðið án samráðs við (FER) og engra samskipta, þrátt fyrir að formaðurinn reyndi að fá upplýsingar um málið. Eldri borgarar á Raufarhöfn vilja ekki þessa lausn. Þeir vilja halda áfram með sitt starf í Breiðablik, eins og verið hefur. Félagið sér enga ástæði til þess annað en að viðkomandi starfsmaður geti alveg eins komið í Breiðablik. Hverfisráð skilur ekki þessa ákvörðun, og tekur undir afstöðu (FER). Samningurinn frá 15.05.2020 var samningur um framtíðarsýn en ekki bara verið að tjalda til 5 ára, það var skilningur félagsmanna og Hólmsteins Björnssonar að þó samningurinn væri bara til 5 ára væri það formsatriði að hann yrði endurnýjaður. (FER) mun ekki geta rekið Breiðablik án þess að fá áfram húsaleigustyrk frá Norðurþingi.

Þetta snýst um kr. 900.000 á ári.

Hverfisráð bendir á að Félag eldri borgara á Húsavík reki sitt húsnæði á sams konar samningi og (FER) hefur haft við Norðurþing. Þar er húsaleigan kr. 286.644, á mánuði, frá 01.01.24 vísitölutryggt uppreiknað 01.01 ár hvert. Auk þess greiðir Norðurþing kr. 3.500.000 fyrir það að viðburðir félagsins verði opnir öllum eldri borgurum á Húsavík. Hverfisráð hvetur nýja sveitastjórn til að gera nýjan samning við (FER) sem er sambærilegur samning sem er fyrir hendi við Félags eldri borgarar á Húsavík og gæta þannig jafnræðis innan sveitarfélagsins. Hverfisráð harmar hvernig staðið hefur verið að þessu máli gagnvart eldri borgum á

Raufarhöfn. Málið hefur skapað mikla óvissu og óánægju, sem hefði verið hægt að komast hjá. Hverfisráð hvetur Norðurþing til að taka málið upp aftur og leitast við að fá sátt í málið.

2. Refa og minkaveiði.

Árið 2024 var haldinn sameiginlegur fundur í Lundi með landeigendum, veiðimönnum og starfsmönnum Norðurþings um refa og minkaveiðar. Gætti miklar óánægju með stýringu sveitarfélagsins í þessum málum og töldu menn að þetta væri allt komið í óefni. Voru menn sammála að leysa málið fyrir vorið 2024, sveitarfélagið ætlaði að leita leiða til að finna lausnir. Í stuttu máli voru gerðir samningar við ákveðna veiðimenn um fasta greiðslur fyrir árið 2025. Það var mikil óánægja með þessa lausn þar sem menn töldu að veiði yrði ekki drifin áfram á afköstum og myndi þess vegna ekki skila árangri. Það var mikið af ref á Sléttu árið 2025 og mörg æðarvörp urðu fyrir miklu tjóni. En auk þess hreinsaði refurinn upp egg og unga annarra fugla t.d. kríu. Þannig var mikill skaði í náttúrunni. Fjárbændur á þeim 4 bæjum á Sléttu sem eru með fé vantaði hundruðir lamba eftir sumarið 2025, hluti þess er vegna kuldakasts og annarra ástæðna en vísbendingar eru um að mikill fjöldi refs á Sléttu sé einnig um að kenna. Æðarbændur í Æðarræktarfélagi N-Austurlands fengu Sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs sem og veiðimanninn sem sinna á svæðinu á Sléttu á fund í lok júní 2025 þar sem farið var yfir þetta mál. Var þar mikið kvartað undan samskiptaleysi. Veiðimaðurinn taldi sig geta farið í þessar veiðar þegar honum hentaði. Það ætti að vera öllum ljóst að veiðimaður getur ekki beðið með að fara á greni í miðju æðarvarpi fram til 16.06 bara vegna þess að þá er auðveldara að ná tófunni og hvolpunum. Varpið er þá farið og tjónið eftir því. Meðfylgjandi er tölur frá Náttúruverndarstofnun fyrir veiði í Norðurþingi og nágrannasveitarfélögunum. Hverfisráð vonast til þess að málefni refa og minkaveiði verði tekin til gagngerar endurskorðunnar sem allra fyrst, þetta er gríðarlega stórt mál fyrir sveitirnar í Norðurþingi.

Sveitarfélag	2021		2022		2023		2024		2025	
	Refur	Minkur	Refur	Minkur	Refur	Minkur	Refur	Minkur	Refur	Minkur
Norðurþing	229	319	245	245	212	205	232	239	176	77
Langesbyggð	134	63	132	61	162	135	206	100	136	89
Tjörneshreppur	17	0	25	5	7	1	12	1	20	5
Þingeyjarsveit	231	159	315	384	293	393	253	217	305	434

3. Hverfisráð Raufarhafnar – samantekt helstu mála 2018–2026

Frá árinu 2018 hefur hverfisráð Raufarhafnar starfað samkvæmt samþykktum Norðurþings. Hverfisráð er í eðli sínu ráðgefandi vettvangur og hefur afar takmarkað, ef nokkuð, formlegt vald innan stjórnsýslu sveitarfélagsins. Þrátt fyrir það gegnir ráðið mikilvægu hlutverki sem leið fyrir íbúa til að koma á framfæri sjónarmiðum, ábendingum og málefnum staðarins, og stuðla að umræðu um brýn samfélagsmál.

Hverfisráð hvetur alla kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum Norðurþings til að kynna sér fundargerðir [hverfisráðs síðustu ára](#), þar sem þar er að finna skýra mynd af stöðunni á Raufarhöfn og þeim málum sem hafa ítrekað verið sett á dagskrá.

Í ljósi þess að skipunartími núverandi hverfisráðs rennur út 1. júní 2026 og ný sveitastjórn tekur við í Norðurþingi, þykir rétt að líta yfir farinn veg. Hér er stiklað á stórum sem smáum málum sem hafa verið ítrekað rædd í hverfisráði á síðastliðnum átta árum, en ekki fengið fullnægjandi úrlausn. Þótt vissulega hafi eitthvað áunnist á tímabilinu, eru enn fjölmörg mikilvæg mál óleyst og kalla á skýrari forgangsröðun og virkari eftirfylgni af hálfu sveitarfélagsins.

Athygli er vakin á því að þetta er ekki tæmandi upptalning á verkefnum sem þarf að ráðast í á Raufarhöfn, heldur yfirlit yfir mál sem hafa ítrekað verið til umfjöllunar hjá hverfisráði, skipulags- og framkvæmdaráði og færst af ýmsum ástæðum sífellt aftur á framkvæmdaáætlunum. *Þessi mál hér að neðan eru stór í augum íbúa Raufarhafnar, en í heildarsamhengi reksturs sveitarfélagsins vel viðráðanleg að mati hverfisráðs.*

- **Gangstéttir** á Raufarhöfn hafa um árabíl verið eitt af þeim málum sem sífellt koma aftur á borð hverfisráðs. Fyrst var bókað formlega um brýna þörf á úrbótum árið 2018 (þöfin hefur þó lengri aðdraganda) og hefur málið verið ítrekað nánast árlega síðan. Þrátt fyrir það hefur lítið miðað áfram. Sumarið 2025 var þó hafist handa sem er vel, starfsmenn í Þjónustumiðstöð unnu verið og reikna má með að á þann hátt sé hvað hagstæðast fyrir sveitasjóð og vonast hverfisráð til þess að það geti haldið áfram.

Ljóst er að langt er í land og veruleg vinna enn óunnin. Íbúar Raufarhafnar eru orðnir langþreyttir á ástandinu og stöðugum töfum. Verkefni þetta snýr beint að öryggi, aðgengi og daglegum lífsgæðum íbúa. Hverfisráð hvetur nýja sveitastjórn Norðurþings eindregið til að taka nú af skarið og ljúka endurbótum á gangstéttum á Raufarhöfn í eitt skipti fyrir öll, með heildstæðri nálgun og skýrri framkvæmdaáætlun.

- **Félagsheimilið Hnitbjörg.** Hverfisráð Raufarhafnar telur brýnt að standa vörð um félagsheimilið Hnitbjörg. Það er sameiginlegt mat hverfisráðs og langflestra íbúa að ekki eigi að selja húsið í heild sinni, heldur eigi samfélagið áfram að vera eigandi þess. Hnitbjörg er einn af lykilinnviðum Raufarhafnar og gegnir mikilvægu hlutverki í félags-, menningar- og mannlífi staðarins. Jafnframt hefur hverfisráð hvatt sveitarfélagið til að kanna raunhæfar leiðir til að nýta húsið betur og auka tekjumöguleika þess. Þar hefur meðal annars verið nefnt að skipta eigninni í tvö fastanúmer og selja eða leigja þann hluta hússins sem hefur staðið ónotaður um árabíl, þ.e. fyrrum banka- og skrifstofuhlutann norðan við sviðið, á meðan félagsstarfsemi og almenn notkun íbúa haldi áfram óskert. Félagsheimilið Hnitbjörg var vígt 25. ágúst 1967, en bygging þess hófst haustið 1964 og húsið varð fokhelt árið 1966. Uppbyggingin var styrkt af Félagsheimilassjóði menntamálaráðuneytisins, ásamt verulegu framlagi frá Raufarhafnarhreppi og fjölmörgum félagasamtökum og íbúum. Sveitarfélagið eignaðist síðar hlutdeild þessara félaga gegn því að axla ábyrgð á viðhaldi og tryggja áframhaldandi samfélagslegt hlutverk hússins.

Í dag er Hnitbjörg einn mikilvægasti samkomustaður þorpsins og er nýtt reglulega allt árið um kring. Þar fara fram ma. Fundir, félagsvist, þorrablót, menningarviðburðir, tónleikar, fermingar, félagsmiðstöðvarstarf, erfidrykkjur, brúðkaup, ættarmót, bingó, ferðapjónustutengdri starfssemi og fjölmargt fleira. Þessi fjölbreytta notkun undirstrikar mikilvægi þess að húsið haldi áfram að vera opið, aðgengilegt og í eigu samfélagsins.

Þrátt fyrir takmarkað fjármagn sveitasjóðs hvetur hverfisráð til þess að unnið verði reglulega að viðhaldi hússins, svo ástand þess versni ekki frekar. Þar má nefna viðgerðir á þaki, gluggaskipti, klæðningu hússins, endurbætur á eldhúsi, LED-lýsingu, viðgerðir á salernisaðstöðu og önnur nauðsynleg minni verkefni.

Í ljósi þess að mögulegar breytingar verði fljótlega á umsjón hússins, hvetur hverfisráð til þess að auglýst verði eftir rekstraraðilum og að horft verði til þess að auka notkun og tekjur hússins til framtíðar.

- **Bílhrae og sóðaskapur** Nauðsynlegt er að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Norðurþing taki höndum saman og ráðist í markvisst og tafarlaust átak vegna uppsöfnunar bílhraeja og annars verðlauss drasls á atvinnu- og einkalóðum á Raufarhöfn. Ástandið er orðið óásættanlegt og hefur neikvæð áhrif á ásýnd, umhverfi, öryggi og lífsgæði íbúa. Helsta hindrun úrbóta er skortur á læstu geymslurými fyrir bílhrae eftir límingu. Sú staða getur ekki réttlætt áframhaldandi aðgerðarleysi. Hverfisráð hvetur Norðurþing eindregið til að koma slíkri aðstöðu upp án tafar og beita dagsektum þar sem fyrri aðgerðir hafa ekki skilað árangri. Samhliða þarf að koma upp afgirtu gámasvæði fyrir stöðuleyfisgáma, enda styðja þessi verkefni hvort annað.
- **Aðalskipulag** hverfisráð lagði mikla vinnu í yfirferð vegna aðalskipulags Norðurþings, greinagerðir og fl þess má finna í viðhengi. Og er eflaust einnig opinbert á vef Skipulagsstofnunar. Ráðið hvetur nýja nefndarmenn til að kynna sér þessa vinnu.
- **Tjaldstæðið** á Raufarhöfn er annað mál sem hverfisráð hefur ítrekað bókað um án þess að heildstæð lausn hafi verið framkvæmd. Þjónustuhúsið er orðið ónýtt, (einhverjar bráðaábyrgðaraðgerðir unnar fljótlega, duga skammt) rafmagnstenglar eru of fáir og ljóst er að jarðvegsskipta þarf hluta svæðisins. Þá þarf að taka skýra ákvörðun um framtíð stæðisins, þar á meðal hvort og hvar stækka eigi það. Nýtt þjónustuhús hefur ítrekað fallið inn og út af framkvæmdaráætlunum sveitarfélagsins vegna annarra verkefna. Nú er mál að linni. Tjaldsvæðið fær góðar umsagnir á „tjaldsvæðissíðum“ þar sem þjónustuaðilarnir leggja mikið að mörkum við þrif og þjónustulund. En af og til birtast myndir af svæðinu sem hefur mikinn fælingarmátt. Hverfisráð vonast til að málefni tjaldstæðisins verði sett í forgang og ráðist í nauðsynlegar framkvæmdir án frekari tafa. Til stóð að endurbyggja öll þrjú þjónustuhúsin í sveitarfélaginu, fyrst á Húsavík, þá á Raufarhöfn og svo á Kópaskeri. Húsavíkurhúsið er fyrir nokkru komið en hin tvö sitja á hakanum. Koma þarf upp nútíma aðstöðu á tjaldstæðinu til að fleiri ferðamenn sæki svæðið heim. Í dag eru flestir með tjaldvagna, fellihýsi eða á húsbílum. Stækka þarf og bæta aðstöðu fyrir þannig ferðalanga.
- **Sundlaugin** Við gluggaskipti í sundlaugarrými á árunum 2019–2020 var ekki sett gler í neðri hluta glugganna. Þrátt fyrir góða birtu og loftun eru útsýnismálin verulega ábótavant og nauðsynlegt er að bæta úr þessu með lítilli fyrirhöfn og kostnaði. Hverfisráð hvetur Norðurþing til að ganga í það mál að setja gler í þrá fyrstu glugganna sem allra fyrst.
Alvarlegasta vandamálið er þó hljóðvist rýmisins: Hljóðvistarplötur voru fjarlægðar árið 2020 og

hafa ekki verið settar aftur upp. Hljóðvist er yfir hættumörkum, skólasund hefur ekki verið unnt að kenna og margir íbúar treysta sér ekki í sund. Þetta ástand er óásættanlegt og kallar á tafarlaugar aðgerðir nú þegar.

- **Húsnæðismál** Á Raufarhöfn vantar bæði iðnaðarhúsnæði og fjölbreyttara íbúðarhúsnæði. Eldri íbúar sem vilja minka við sig geta það ekki því smærri íbúðir eru ekki í boði. Skortur á deiliskipulagi fyrir iðnaðarlóðir hamlar uppbyggingu atvinnustarfsemi og jafnframt vantar smærri íbúðir fyrir fjölbreyttan hóp íbúa. Hverfisráð hvetur Norðurþing til að vinna markvisst að húsnæðismálum á komandi kjörtímabili. Sem einfalt og kostnaðarlítið skref væri hægt að fella niður gatnagerðargjöld á tilbúnum lóðum og sú ákvörðun auglýst sérstaklega til að gera tilraun til að laða að verktaka.
- **Hafskipabryggja**
Ástand Hafskipabryggju er grafalvarlegt, suðurhluti bryggjunnar sem er trébryggja er stórhættuleg og að hrúni kominn og þarf að rífa hana strax og endurnýja suðurhlutann. Einnig eru öll dekk á viðlögukanti dottin af og liggja í sjónum og skapast því hætta fyrir skipa að leggjast þar að vegna þess. Þetta hefur verulegan fælingarmátt fyrir höfnina. Stærri skip (Brunnskip vegna seiðaeldis, Landhelgisgæslan, fiskiskip og togarar) leitast oft við að koma inn í stutta tíma geti það ekki vegna ástandsins. Þetta er mjög aðkallandi verkefni sem þarf að vinna hratt að laga að mati hverfisráðs.
- **Frárennslismál.**
Hverfisráð hvetur Orkuveituna til að setja á framkvæmdaráætlun sína fráveitumál á Raufarhöfn, hverfisráð þekkir til þess að aðeins verði byrjað á þessari vinnu árið 2026 og er það vel, en betur má en duga skal og þarf að koma þessum málum í réttan farveg á næstu árum.
- **Ferðapjónusta.**
Hverfisráð hvetur Norðurþing til að móta ferðamálastefnu fyrir sveitarfélagið. Sveitarfélagið hefur nú þegar mörg ferðapjónustufyrirtæki á svæðinu og þangað koma margir ferðamenn til að skoða og njóta náttúruperlna. Má nefna hvalaskoðun á Húsavík, Ásbyrgi, Dettifoss og Heimskautsgerðið á Raufarhöfn. Að mati hverfisráðs þarf að móta og styrkja ímynd Norðurþings sem ferðamannasvæðis. Gera áætlanir um hvernig svæðið geti orðið eftirsóttur áfangastaður, allt árið. Auka samstarf sveitarfélagsins, Markaðsstofu Norðurlands, SSNE og ferðapjónustuaðila. Hafa samráðsfundi með hagaðilum þar sem rætt væri um sérstöðu, markaðssetningu og framtíðarsýn. Það að styrkja innviði s.s. bæta aðbúnað á tjaldsvæðum til að laða að ferðamenn, sjá til þess að það sé vetraþjónusta á Dettifossvegi, standa/styðja við fyrir uppbyggingu áfangastaða, bættu aðgengi eða nýjum upplifunum í sveitarfélaginu. Þannig getur sveitarfélagið aukið tekjur sínar og ferðapjónustuaðila á svæðinu. Hefur sveitarfélagið gert könnun á því hvað mörg ferðapjónustufyrirtæki starfa í sveitarfélaginu, hvað marga starfsmenn vinna hjá þeim eða hvað þessi fyrirtæki greiða til sveitarfélagsins? Þessar spurningar voru bornar fram við sveitarstjórafolk í aðdraganda kosninga og það vissi

ekki svörin. Hverfisráð telur t.d. að Heimskautsgerðið fullklárað geti verið flaggskip svæðisins. Nú þegar birtast fleiri myndir af því á samfélagsmiðlum heldur en af Ásbyrgi og Dettifossi. [Hverfisráð hvetur nefndarfólk til að kynna sér stöðumat Norðurhjarasvæðisins sem unnið var í lok árs 2024.](#)

- **Lýsingarmál á Raufarhöfn.**

Hverfisráð hvetur sveitarfélagið til að þrýsta áfram að krafti á Vegagerðina til þess að götulýsing við Aðalbraut á Raufarhöfn verði sett í forgangslista yfir umferðaröryggismál. Málið hefur verið reglulega til umræðu og er ríkt ákall er frá íbúum og hverfisráði á Raufarhöfn vegna málsins. Á stórum kafla við Aðalgötuna eru gamlir tréstaurar með loftlínu sem eru misjafnlega langt frá vegi en fyrst og fremst öfugmegin. Engin lýsing er gangstéttarmegin frá Nónás og útfyrir Aðalbraut 63 (240m) og frá Aðalbraut 23 og út að Höfðabraut (305 m) Þetta skapar mikla hættu sér í lagi þegar skafrenningur er og yfir dimmasta tímann á veturna en einnig síðsumars þegar margir ferðamenn eru á tjaldsvæði og ganga í gengum bæinn uppí Heimskautsgerði. Færa þarf lýsingu þeim megin sem gangstétt er sem allra fyrst.

Einnig er engin lýsing er út fyrir þorpið (í hvoruga átt) Mesta þörfin er Norðanmegin í átt að Heimskautsgerðinu, þar er mikil gangandi umferð sér í lagi yfir sumartímann. Vegagerðin þarf að setja bæði þessi mál í forgang á Raufarhöfn.

Fleira ekki gert, fundargerð unnin að hluta eftir fundinn.

Margrét Rögnvaldsdóttir

Einar Sigurðsson

Undirritunarsíða

Margrét Rögnvaldsdóttir



Undirritað af:
Margrét Rögnvaldsdóttir
1003592789
Dags: 24.06.2026
Tími: 12:08:32
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 39b708b2-
e187-4ad3-8661-
2fbaac5a4d96

8938386

Einar E Sigurðsson



Undirritað af:
Einar Einarsson
Sigurðsson
1302673789
Dags: 24.06.2026
Tími: 13:56:25
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 39b708b2-
e187-4ad3-8661-
2fbaac5a4d96